

Matvælastofnun,
mast@mast.is

Athugasemd vegna auglýstrar breytingar í rekstrarleyfi Arctic Fish hf. í Arnarfirði – viðbót í Trostansfirði (auglýst 24. október 2025)

Hæstvirtu ráðamenn viðkomandi málaflokks!

Ég undirritaður, sendi hér með eftirfarandi athugasemdir f.h. föður míns, Jóns Páls Halldórssonar, eiganda 1/3 hluta Trostansfjarðar, vegna auglýstrar breytingar á rekstrarleyfi Arctic Fish hf. fyrir sjókvíaeldi í Arnarfirði, þar sem bætt er við eldisstað í Trostansfirði, sbr meðfylgjandi mynd (sjá neðst á bls):

<https://landupplýsingar.mast.is/?z=11&lat=65.64988980&lng=-23.31703479>

1. Umhverfisáhrif og vöktun: Ég tel að leggja þurfi fram uppfært og ýtarlegt mat á umhverfisáhrifum viðbótarinnar í Trostansfirði, þar sem eldið bætist við núverandi kvíar í Lækjarbót og Hvestudal. Sérstök áhersla þarf að vera á möguleg áhrif á villta laxastofna í bæði Sunnudalsá og Norðdalsá og einnig gífurlega sjónmengun alls staðar í frá.

2. Fjarlægðarmörk og varúðarregla: Þar sem fjarlægð fyrirhugaðs eldisstaðar í Trostansfirði frá ósum áнна er innan við 5 km, tel ég mikilvægt að skýrt komi fram hvernig sú staðsetning samræmist varúðarreglu náttúruverndar og leiðbeiningum um fjarlægðarmörk frá villtum laxastofnum.

3. Smitvarnir og áhættumat siglinga: Þar sem smitvarnaráætlunin er sameiginleg með öðrum rekstraraðila, Arnarlaxi ehf., þarf að tryggja að ábyrgðarskipting og verkferlar séu skýrir og að fyrirhugaðar varnir séu raunhæfar og mælanlegar. Ég óska því einnig eftir því að áhættumat siglinga og smitvarnaráætlun rekstraraðila verði gerð opinber.


4. Samræmi við stefnu stjórnvalda um fiskeldi: Ég óska einnig eftir því að Matvælastofnun útskýri hvernig viðbótin fellur að landsstefnu um sjálfbært fiskeldi, einkum með hliðsjón af burðarþoli Arnarfjarðar og heildarálagi eldisstarfsemi í firðinum.

5. Samráð og gagnsæi: Til að tryggja eðlilegt samráð við almenning og hagsmunaaðila er mikilvægt að öll helstu fylgigögn málsins verði aðgengileg fyrir lok athugasemdafrests. Því tel ég eðlilegt að framlengja frest til athugasemda um að minnsta kosti tvær vikur, þar sem auglýsingin var birt á föstudegi og um umfangsmikla breytingu er að ræða.

Ég fer því hér með fram á að Matvælastofnun geri mér grein fyrir því hvernig ný gögn, sem vísað er til í auglýsingu, breyti forsendum frá fyrri ákvörðun stofnunarinnar árið 2022. Einnig legg ég eindregið til að Matvælastofnun endurmeti leyfisbreytinguna með tilliti til varúðarreglu, umhverfisáhrifa og samræmis við stefnu stjórnvalda, áður en endanleg ákvörðun er tekin.

Virðingarfyllst,

H. Jónsson jr



Matvælastofnun
Austurvegi 64
800 Selfoss

Hafnarfjörður 15. október 2025
Tilv. 2025-10-13-1798/2.5.1

Efni: Varðar viðbót við rekstrarleyfi Arctic Sea Farm hf. í Arnarfirði FE-1156

Fiskistofa vísar til auglýsingar Matvælastofnunar á því að til skoðunar sé að bæta við eldissvæðinu Trostansfirði í rekstrarleyfi Arctic Sea Farm hf. í Arnarfirði FE-1156.

Við útgáfu Matvælastofnunar á leyfi FE-1156 var eldissvæðið Trostansfjörður undanskilið m.a. vegna nálægðar við Nordalsá og Sunndalsá, en í þær gengur lax og sjóbirtingur. Í niðurstöðu Úrskurðarnefndar um auðlindamál, dags. 19. október 2022, er sú ákvörðun Matvælastofnunar felld úr gildi.

Niðurstaða ÚUA er sú að ekki séu forsendur til þess að hafna leyfi til sjókvíaeldis með tilliti til hugsanlegra áhrifa þess á lax- eða silungastofna. Það liggur fyrir að laxastofnar eru litlir í umræddum ám. Um stofnstærð laxfiska í umræddum ám ríkir þó ákveðin óvissa þar sem upplýsingar um fiskigengd og veiði vantar.

Fiskistofa vísar til markmiða laga nr. 71/2008 um fiskeldi, en þar segir í 2. mgr.: *“Við framkvæmd laganna skal þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu.”*

Fiskistofa bendir á að reglulega hafa komið upp vandamál vegna mögnunar laxalúsar og fiskilúsar í sjókvíaeldis á Vestfjörðum og endurtekið hefur þurft að grípa til aðgerða til að stemma stigu við fjölgun lúsar í eldinu og á sama tíma að minnka líkurnar á því að laxlús valdi tjóni á villtum stofnum. Þekkt er að laxalús getur haft áhrif á viðkomu laxfiskastofna, einkum ef gönguseiði smitast af laxalús á leið sinni á fæðuslóð í hafi ^(1,2). Fiskistofa telur líklegt að sjókvíaeldi í Trostansfirði geti haft áhrif á vistkerfi villtra fiskstofna og því fær því ekki séð að starfsemin samrýmist markmiðum laganna.

Einnig telur Fiskistofa rétt að benda á að ef fiskar sleppa úr eldiskví er líklegt að þeir leiti upp í nærliggjandi ár þegar skilyrði eru fyrir því. Þekkt er að eldisfiskar ganga í ár og geta tekið þátt í æxlun þar með villtum fiskum. *Áhættumat vegna erfðablöndunar* er þó ætlað að minnka áhættuna vegna strokufiska.

Niðurstaða Fiskistofu er sú að sjókvíaeldi í Trostansfirði er líklegt til að hafa neikvæð áhrif á vistkerfi villtra fiskstofna einkum í Norðdalsá og Sunndalsá.

Ef til greina kæmi að veita rektraleysi í Trostansfirði leggur Fiskistofa til að sett verði skilyrði um það að rekstrarleyfishafi leggi fram upplýsingar til staðfestingar á því að starfsemin muni ekki hafa neikvæð áhrif á vistkerfi villtra fiskstofna, sbr. markmið laganna. Fiskistofa leggur áherslu á að það að sýna fram á skaðleysi er annað en það að vísa til þess að ekki liggi fyrir upplýsingar um að skaði verði af starfseminni.



Fiskistofa bendir jafnframt á að Matvælastofnun hafi samráð við veiðiréttareigendur að Nordalsá og Sunndalsá og þeim boðið að koma að sínum sjónarmiðum.

Virðingarfyllst,
F.h. Fiskistofu

Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs



1. Bohn T, Gjelland Ko, Serra-Lliars RM, et.al. 2020. Timing is everything: Survival of Atlantic salmon *Salmo salar* postsmolts during events of high salmon lice densities. J Appl Ecol. 2020; 57:1149–1160. <https://doi.org/10.1111/1365-2664.13612> 4.
2. Thorstad E.B., Todd C.D., Bjørn P.A., Gargan P.G., Vollset K.W., Halttunen E., Kålås S., Uglem I., Berg M. & Finstad B., 2014. Effects of salmon lice on sea trout – a literature review. NINA Report 1044, 1-162.